



Leiðbeiningar um móttöku úrgangs á urðunarstöðum

BYGGÐAR Á KRÖFUM Í VIÐAUKA II VIÐ REGLUGERÐ NR. 738/2003 UM URÐUN ÚRGANGS



UMHVERFISSTOFNUN

2011

Áður en móttaka úrgangs til urðunar er heimil þarf að lýsa úrganginum, prófa hann og ganga þannig úr skugga um að hann sé tækur til urðunar á viðkomandi urðunarstað.

1. LÝSING Á GRUNNEIGINLEIKUM

Krafist er lýsingar á grunneiginleikum hvarrar tegundar úrgangs.

Framleiðandi úrgangs eða úrgangshafi er ábyrgur fyrir því að upplýsingar sem varða lýsingu á grunneiginleikum séu réttar.

Rekstraraðili urðunarstaðarins skal halda skrár yfir þær upplýsingar sem krafist er og geyma þær í sjö ár.

GRUNDVALLARKRÖFUR SEM GERÐAR ERU TIL LÝSINGAR Á GRUNNEIGINLEIKUM ÚRGANGS:

- a) tilurð og uppruni úrgangsins.
- b) upplýsingar um framleiðsluferlið sem úrgangurinn verður til við.
- c) lýsing á þeirri meðferð sem úrgangurinn hefur fengið eða rökstuðningur fyrir því að meðferð sé ekki nauðsynleg fyrir urðun.
- d) gögn um samsetningu úrgangsins og útskolun, ef við á.
- e) eiginleikar úrgangsins (lykt, litur og eðlisástand).
- f) flokkun úrgangsins skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang.
- g) hættulegir eiginleikar sem skipta máli skv. viðauka III við reglugerð nr. 184/2002, ef við á.
- h) upplýsingar sem sýna fram á að úrgangurinn falli ekki undir úrgang sem óheimilt er að urða skv. 8. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
- i) flokkur urðunarstaða sem taka má á móti úrganginum (óvirkur, almennur eða spilliefni).
- j) varúðarráðstafanir sem gera þarf á urðunarstaðnum, ef nauðsyn krefur.
- k) upplýsingar um hvort unnt er að endurvinnna eða endurnyta úrganginn.

PRÓFUN

Prófanir skulu gerðar til að afla upplýsinga fyrir lýsingu á grunneiginleikum.

Gera má greinarmun á eftirfarandi:

- a) úrgangi sem fellur til reglulega í sama ferli. Úrgangur með stöðuga eiginleika sem fellur reglulega til í sama ferli þar sem myndunarferlið er vel þekkt og skilgreint og framleiðandi úrgangsins veitir allar nauðsynlegar upplýsingar og upplýsir rekstraraðila urðunarstaðarins ef breytingar verða á myndunarferlinu. Þegar eiginleikum þessa úrgangs hefur verið lýst við upphaf móttöku skal eingöngu framkvæma samræmisprófanir við síðari móttöku, nema ef verulegar breytingar eigi sér stað á myndunarferlinu.
- b) úrgangi sem fellur til öðru hverju. Úrgangur sem fellur ekki til reglulega í einu og sama ferlinu í sömu stöðinni og er ekki hluti af vel skilgreindum straumi úrgangs. Lýsa skal eiginleikum allra vinnslulotna úrgangs af þessu tagi. Samræmisprófun er því óþörf.



SLEPPA MÁ PRÓFUN VIÐ LÝSINGU Á GRUNNEIGINLEIKUM Í EFTIRFARANDI TILVIKUM

- a) ef úrgangurinn er óvirkur og er tilgreindur í lið 2.1.1. í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Leiki grunur á að úrgangurinn geti verið mengaður skal hann prófaður eða synjað um móttöku hans.
- b) allar upplýsingar varðandi grunneiginleika liggja þegar fyrir og hafa verið samþykktar af Umhverfisstofnun.
- c) ef erfitt er að koma prófun við eða heppilegar prófunaraðferðir og viðmiðanir um móttöku liggja ekki fyrir. Þessi niðurstaða skal rökstudd, studd gögnum og færð rök fyrir því hvers vegna úrgangurinn telst tækur á viðkomandi urðunarstað.
- d) heimilisúrgangur sem er flokkaður sem hættulítt telst tækur án prófunar til urðunar á urðunarstöðum fyrir almennan úrgang. Ekki skal taka á móti úrganginum ef hann er mengaður.
- e) byggingarefni sem í er asbest og annar asbestúrgangur telst tækur án prófunar á urðunarstöðum fyrir almennan úrgang, að uppfylltum kröfum í lið 2.3.3. í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

Einnig má sleppa samræmisprófun við móttöku úrgangs sem fellur undir liði a), c), d) og e). Viðmiðanir fyrir móttöku úrgangs á mismunandi flokka urðunarstaða eru í lið 2 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Ef lýsingin á grunneiginleikum leiðir í ljós að úrgangurinn uppfyllir þær viðmiðanir fyrir viðkomandi urðunarstað telst úrgangurinn tækur til urðunar. Ef ekki, telst úrgangurinn ekki tækur til urðunar á staðnum.

2. SAMRÆMISPRÓFUN

Teljast úrgangurinn tækur til urðunar á viðkomandi urðunarstað á grundvelli lýsingar á grunneiginleikum skal hann samræmisprófaður til að ákvarða hvort hann samræmist niðurstöðum lýsingarinnar á grunneiginleikum og uppfylli viðmiðanir fyrir móttöku.

Samræmisprófun er einkum gerð til að hafa reglubundið eftirlit með úrgangi sem berst stöðugt að. Samræmisprófun skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári.

Rekstraraðili urðunarstaðar skal geyma skrár með niðurstöðum prófananna í sjö ár.

3. SANNSPRÓFUN Á STAÐNUM

Hver farmur úrgangs sem fluttur er á urðunarstað skal skoðaður fyrir og eftir losun. Einnig ber að skoða öll tilskilin gögn.

Sýni skulu tekin reglulega í tengslum við afhendinguna og skulu þau geymd í einn mánuð hið minnsta.

Úrgangurinn telst tækur til urðunar á staðnum ef hann er sá sami og gekkst undir lýsingu á grunneiginleikum og samræmisprófun og sem lýst er í fylgiskjölunum. Ef ekki, skal hafna móttöku hans og tilkynna það eftirlitsaðila án tafar.



UMHVERFISSTOFNUN
umhverfisstofnun.is

Akureyri

Borgum við Norðurslóð
600 Akureyri
sími 591 2000

Egilsstaðir

Tjarnarbraut 39
700 Egilsstöðum
sími 591 2000

Ísafjörður

Mánagötu 2
400 Ísafirði
sími 591 2000

Mývatn

Hraunvegi 8
660 Mývatni
sími 591 2000

Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
sími 591 2000

Snæfellsnes

Klettsbúð 7
360 Hellissandi
sími 591 2000

Vestmannaeyjar

Heiðarvegi 1
900 Vestmannaeyjum
sími 591 2000